

Mál nr. 29/2011

Ár 2012, þriðjudaginn 12. desember var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 29/2011

X
gegn
Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 13. desember 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði (Y) hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina ZZ við rakkann XX án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 15. desember 2011 og honum gefinn andmæla frestur til 12 janúar. Hinn 8. janúar 2012 móttók siðanefnd svarbréf kærða og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því að haldið yrði áfram með málið. Var þá boðaður sáttafundur með málsaðilum hinn 8. maí þar sem málsaðilar reifuðu sín sjónarmið. Ekki komu fram frekari andmæli og ekki náðust sættir með aðilum. Þar sem siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu hefðu komið fram í málinu þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var tíkin ZZ pöruð með rakkannum XX hinn 2. apríl 2011. Hundarnir eru af kyninu Cavalier King Charles Spaniel og er tíkin í eigu kærða. Við pörunina var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Kærði svaraði því til að orðið hafi mistök varðandi tímasetningu augnvottorðsins. Talið hafi verið að vottorðið væri nýrra en raun bar vitni um.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Cavalier King Charles Spaniel:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 25 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.07.2009)“.

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun fór fram hinn 2. apríl 2011 var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Cavalier King Charles Spaniel skal augnskoðun hafa farið fram og má vottorðið ekki vera eldra en 25 mánaða hjá undaneldishundum. Augnvottorðið er því eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærði því gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærði hefur gefið þá skýringu að talið hafi verið að tíkin væri með gilt augnvottorð. Hann hefur beðist afsökunar á mistökunum og lofað að slíkt muni ekki koma fyrir aftur. Grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ kveða á um að félagsmenn skuli vera vel að sér um það ræktunarmarkmið er gildir fyrir viðkomandi hundakyn og reglugerð um skráningun í ættbók. Það innifelur að ræktendur skulu vera vel á varðbergi um það hvort öll heilsufarsvottorð séu í lagi. Reglan hljóðar á um að vottorð skuli liggja fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm.

IV Niðurstaða

Kærði Y telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur

f.h. siðanefndar

Sign: Guðríður Valgeirsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir